

Pingeyjarsveit  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 12. maí 2015  
UST201504-083/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi á svæði umhverfis Goðafoss.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis umhverfis Goðafoss.

Í tillögu að deiliskipulagi eru lagðar línur um fyrirkomulag bílastæða og aðkomusvæðis fyrir bíla og rútur. Einnig er ákveðin staðsetning áningarstaða og útsýnispalla ásamt legu göngustíga um skipulagssvæðið. Skipulagssvæðið er alls um 43,2 ha að flatarmáli.

### **Náttúruminjar**

Goðafoss er svæði á náttúruminjasrá sem einn tilkomumesti foss landsins. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tryggt verði að verndargildi svæðisins umhverfis Goðafoss rýrni ekki, og að nauðsynlegt er að byggja upp innviði svæðisins.

### **Samgöngur og brýr**

Í kaflanum forsendur kemur fram að gerð deiliskipulagsins sé þáttur í undirbúningi að byggingu nýrrar brúar yfir Skjálfandafljót, en nýja brúin verður staðsett 40 m norðar en núverandi brú. Einnig kemur fram í kaflanum samgöngur og brýr, að brú er byggð var 1930 hafi verið breytt í göngubrú og brú fyrir hesta og að núverandi brú hafi verið byggð 1972, en að gert er ráð fyrir að núverandi brú verði fjarlægð og ummerki um hana fjarlægð. Umhverfisstofnun tekur undir að núverandi brú verður fjarlægð eftir að ný brú hefur verið tekin í notkun.

### **Útsýnisstaðir**

Umhverfisstofnun tekur undir það að gerður er munur á áningastað og útsýnisstað. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stuðlað verði að verndun umhverfis við Goðafoss með vel skilgreindu stígakerfi, bættu aðgengi og góðum útsýnisstöðum.

## Áningastaðir


Í 2.2.2 gönguleiðir og útsýnispallar kemur eftirfarandi fram: „*Vestan ár er gert ráð fyrir upphafi gönguleiða við fyrirhuguð bílastæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir upplýsingaskiltum, borðum, bekkjum og sorpílátum.*“ Umhverfisstofnun tekur undir að gönguleiðir hefjist við bílastæði og að þar sé komið fyrir upplýsingaskiltum. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að reynslan sýni að ef setja á upp borð og bekki og sorpílát þá verður það að vera í nágrenni við salernisaðstöðu og ruslagám.


## Aðkomusvæði við Goðafoss

Fram kemur að gert er ráð fyrir að sá hluti núverandi bílastæða við fossinn sem ekki verður nýttur undir áningastað verði græddur upp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að staðargróður verði nýttur við uppgræðsluna.

Umhverfisstofnun tekur undir ákvæði um umferð loftfara í sjónflugi er kemur fram í deiliskipulagstillögunni.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur